

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. maí 2014
R2014050004

DRÖG - bréf ólæst

420169-3889

Upplýsingar um hreina eign einstaklinga skv. skattframtölum

Við er til fyrirspurnar til ríkisskattstjóra sem borin var fram á nefndarfundi h. 5. maí sl. þar sem óskað var eftir svari við eftirfarandi spurningum:

1. Upplýsingum um fjölda þeirra sem keyptu fasteignir á árunum 2004 til 2008 skv. skattframtölum 2005 til 2009 og fjárhæðir þeirra kaupa.
 - a. Upplýsingar um fjölda þeirra sem keypt hafa fasteignir eftir 1. nóvember 2004 til 31. desember 2008 og fjárhæðir þeirra kaupa.
 - b. Upplýsingar um fjölda þeirra sem keypt hafa fasteignir eftir 1. júlí 2004 til 31. desember 2008 og fjárhæðir þeirra kaupa.
2. Upplýsingar um hvernig skuldastaða einstaklinga/heimila hefur þróast undanfarin þrjú ár (taka stöðuna eftir framtölum 2014 eins og hægt er). Einnig komi fram þróun eiginfjárstöðu (eignir umfram skuldir) einstaklinga/heimila undanfarin þrjú ár.
3. Upplýsingar um hreina eign skuldara (þeirra sem eru með lán í kafla 5.2 á RSK 1.01), sundurliðaðar eftir höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hans vegar. Þá var einnig spurt hversu margir sterkefnaðir einstaklingar skulduðu vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.

Til svars við spurningu 2 hér að ofan er tafla 1, sem sýnir samtölur í eignareitum í kafla þrjú, fjögur og fimm á skattframtali: fjármunaeignir, aðrar eignir og skuldir í árslok 2011 til 2013.

Til svars við spurningu 3 er tafla 2, sem sýnir hreina eign einstaklinga, fjármunaeignir og aðrar eignir að frádregnum skuldum, sundurliðaða eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, annars vegar og landsbyggðinni hans vegar, og því hvort að viðkomandi fjölskylda skuldaði lán vegna kaupa á íbúðarhúsnæði í árslok árið 2013, eða ekki.

Þá er tafla 3 einnig til svars við spurningu 3 en taflan sýnir fasteignir, skuldir vegna kaupa á íbúðarhúsnæði, fjármagnseignir og aðrar eignir, skuldir alls og hreina eign einstaklinga í árslok árið 2013. Taflan sýnir að 229 fjölskyldur, einstaklingar eða hjón, skulduðu lán vegna kaupa á íbúðarhúsnæði en hver og ein þessara fjölskyldna atti meira en 120 milljónir í eignir umfram skuldir. Þessar fjölskyldur skulduðu rúma 2,2 milljarða vegna íbúðarkaupna, eða að jafnaði 9,7 milljónir hver. Á móti þessum skuldum áttu þessar fjölskyldur 44,4 milljarða í eignir en eignir umfram skuldir voru 40,4 milljarðar, eða tæpar 177 milljónir að jafnaði á hverja fjölskyldu.

Upplýsingarnar byggja á skattframtölum einstaklinga árin 2012, 2013 og 2014 og miðast þær við stöðu framtalsskila h. 7. þ.m. Enn eru framtöl að berast vegna álagningar árið 2014 og því eru upplýsingar sem sýna stöðu í árslok árið 2013 ekki fyllilega sambærilegar við tölur frá fyrri árum. Má ætla að nú séu um 90% fjölskyldna búnin að skila skattframtali vegna álagningar 2014.

Byggja verður svar við spurningu 1, hér að ofan, á upplýsingum af sundurliðunarblaði með framtali vegna kaupa eða sölu á fasteignum. Svar verður sent strax og kostur er.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra
Páll Kolbeins

Skattframtal einstaklinga

Staða framtala 7. maí 2014

Eignir, skuldir og vaxtagjöld

Upphæðir í milljónum kr.

Reitur	Tekjuár	2011	2012	2013
	Fjöldi framtala	190.932	192.615	174.183
	Peninga-, verðbréfa- og hlutabréfaeign	925.042	894.392	695.000
R314	Samtals fasteignir	2.632.079	2.869.971	2.564.130
R326	Erlendar fasteignir	12.170	12.113	6.839
R06	Samtals bifreiðaeign	184.151	190.318	171.066
R15	Aðrar eignir áður ótaldar	30.711	31.047	22.444
R01	Hrein eign skv. efnahagsreikningi	41.581	43.396	26.136
	Eignir í árslok	2.900.692	3.146.846	2.790.614
	Samtals eignir	3.825.734	4.041.238	3.485.614
R45	Eftirstöðvar v. Öflunar íbúðarhúsn.	1.218.117	1.254.619	1.094.520
R165	Skuldir umfr. Eignir í eign. Atvr.	26.015	23.658	7.787
R168	Aðrar skuldir	724.567	710.092	534.903
	Samtals skuldir	1.968.699	1.988.368	1.637.210
	Hrein eign	1.857.035	2.052.870	1.848.404
R166	Vaxtagjöld v. Kaupleiguíbúða	897	991	963
R87	Vaxtagjöld v. Öflunar íbúðarhúsn.	55.105	59.322	57.292
	Vaxtagjöld til útr. Vaxtabóta	56.002	60.313	58.255
R88	Önnur vaxtagjöld	33.676	31.780	25.932
R41	Eftirst. Skulda. Ekki keipt. Aftur	23.130	25.424	21.496
R167	Eftirstöðvar v. Kaupleiguíbúðar	22.324	23.158	22.440
R309	Staðgreiðsla af fjármagnstekjum i eigin atv.	42	39	23

Skattframtal einstaklinga 2014

Staða framtala 7. maí 2014

Fjölskyldur flokkaðar eftir því hvort að þær voru með íbúðarlán í reit 45 á skattframtali

Upphæðir í milljónum króna

Svæði	Fjölskyldur með íbúðarlán		Fjölskyldur án íbúðarláns		Samtals	
	Fjöldi fjölskyldna	Hrein eign	Fjöldi fjölskyldna	Hrein eign	Fjöldi fjölskyldna	Hrein eign
Höfuðborgarsvæðið	42.327	606.984	66.920	739.723	109.247	1.346.706
Reykjavík	24.377	323.608	41.688	422.010	66.065	745.617
Kópavogur	6.852	105.716	9.472	109.505	16.324	215.221
Seltjarnarnes	792	23.063	1.453	36.511	2.245	59.574
Garðabær	2.807	68.696	3.720	80.355	6.527	149.051
Hafnarfjörður	5.616	59.799	8.186	69.809	13.802	129.608
Bessastaðahreppur			1	0	1	0
Mosfellsbær	1.847	25.591	2.329	20.915	4.176	46.506
Kjósarhreppur	36	512	71	618	107	1.129
Annað	22.185	163.294	42.751	338.404	64.936	501.698
Samtals	64.512	770.278	109.671	1.078.126	174.183	1.848.404

Skattframtal einstaklinga 2014

Fjölskyldur með fasteignalán sbr. reitur 45 á skattframtali flokkaðar eftir hreinni eign (eignum umfram skuldir)

Upphæðir í milljónum kr.

Hrein eign í milljónum kr.	Fjöldi fjölskyldna	Innlendar fasteignir	Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis	Fjármagnseignir	Eignir í árslok	Skuldir samtals	Hrein eign
<0	18.520	400.935	434.237	17.559	421.437	589.676	-150.681
0-10	18.530	414.002	314.132	24.302	438.907	378.328	84.881
10-20	10.911	301.248	152.211	25.971	321.129	187.269	159.831
20-30	6.748	231.342	85.530	25.680	248.123	108.006	165.797
30-40	3.763	155.551	45.029	20.473	167.755	58.148	130.080
40-50	2.395	117.359	27.363	17.657	126.641	37.525	106.772
50-60	1.420	77.126	13.959	13.543	83.487	19.590	77.440
60-70	792	48.701	7.905	9.692	52.847	11.551	50.987
70-80	480	32.034	4.916	7.951	34.987	7.083	35.854
80-90	285	21.112	2.665	5.848	22.622	4.283	24.187
90-100	222	16.846	2.160	5.831	18.480	3.279	21.032
100-110	130	10.419	1.394	4.334	11.451	2.140	13.645
110-120	87	7.256	805	3.432	7.946	1.391	9.987
>120	229	21.803	2.214	20.024	24.413	3.974	40.464
Samtals	64.512	1.855.734	1.094.520	202.297	1.980.224	1.412.243	770.278